

# Ljóðabréf frá Vesturheimi 1905

Quarantine Stadium  
Grasse Isle P.Q

Ó ef ég væri frjáls og frí  
Sem fugl á kvisti grænum  
Þá skyldi jeg líða lopti í  
Og leita að Höfða bænum.

Og vini mína kyssa kært  
Og kveða mäske bögu  
Og rifja upp efni löngu lært  
Í litla en snotra sögu.

En allt er bannað, lögur, láð  
Og leið um himingeima  
Jeg sje því ekkert annað ráð  
En una í næði heima.

En hjer jeg ekki heima á  
Þó hjá mér bóndinn lúri  
Jeg yndi betur ldu hjá  
Í americönsku búri.

Jeg kveðju sendi í Hverfið heim  
Og kossa ótalmarga.  
Jeg bið þig leið að benda þeim  
Og berki þessum farga.

Ó heyrðu! láttu hann eldinn á  
Og ilaðu við hann dropa  
Og minnstu vinu vestur frá  
Í volgum Coniac sopa.

Þín Ida

Bréfið er frá Óvídu Gísladóttir f. 1864, d. 1943 og er komið  
úr fórum Þórðar Gunnarssonar í Höfða, Grýtubakkahreppi.  
Óvída fór til Vesturheims 1905 frá Hlöðum  
í Grýtubakkahreppi ásamt eiginmanni og börnum.